

Ytra mat grunnskóla

Grunnskólinn austan Vatna

september 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Grunnskólann austan Vatna

Höfundar: Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2018

978-9979-0-2302-9

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	4
Innra mat	5
Skólaprófill.....	6
Upplýsingar um Grunnskólann austan Vatna.....	7
Niðurstöður	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	8
1.1 Faglegt samstarf og samræða	8
1.2 Samvirkni í stefnumótun	8
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	8
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	8
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	9
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	9
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	9
Þáttur 2 – Nám og kennsla	11
2.1 Inntak og námskrá	11
2.2. Árangur náms	11
2.3 Gæði kennslu	13
2.4 Skipulag náms.....	14
2.5 Námsvitund	15
2.6 Ábyrgð og þátttaka	15
Þáttur 3 – Innra mat	17
3.1 Skipulag.....	17
3.2 Framkvæmd.....	17
3.3 Umbætur	17

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum austan Vatna í Skagafirði sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir þrjú matsþætti. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat*. Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Stjórnendur hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem heild.
- Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum.
- Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Góð mæting er úr skólasamfélaginu þegar skólinn býður til viðburða.
- Mat á árangri og starfi í skólanum er reglulegt og niðurstöður nýttar sem grundvöllur umbótastarfs.
- Daglegt starf skólans er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur.
- Skólastjóri leitast við að efla leiðtogaþæfni starfsmanna skólans og annarra stjórnenda og starfsfólki finnst það njóta trausts stjórnenda.

Tækifæri til umbóta

- Skólanámskrá og starfsáætlun eiga að vera aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila s.s. á heimasíðu skólans.
- Mikilvægt er að heimasíða skólans sé lifandi og birtir m.a. áætlanir og stefnur skólans ásamt sjálfsmatskýrslum.
- Skólaráð haldi a.m.k. einn fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið.
- Ígrunda þarf alvarlega hvað veldur óánægju foreldra með stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við henni.
- Leita markvisst eftir hugmyndum foreldra um leiðir til að efla skólastarfið og fá þá til að taka virkan þátt í skólastarfinu.
- Sóknarfæri væri í að efla foreldrafélag og horfa þá e.t.v. til sameiningar félaganna á Hólum og Hofsósi.
- Bæta þyrfti aðkomu að skólanum á Hofsósi með öryggi nemenda að leiðarljósi.
- Upplýsa mætti betur, t.d. á heimasíðu, um verkefni sem unnið er að og hverjir bera ábyrgð á þeim.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Skipulag og ut anumhald stoðþjónustu er til fyrirmyndar.
- Samstarf er við heimili nemenda sem hafa einstaklingsnámskrár og/eða þjálfunaráætlanir.
- Vinna með nemendum og fjölskyldum þeirra varðandi netnotkun og netöryggi er til fyrirmyndar.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir.
- Nemendur nýta UT á fjölbreyttan hátt í kennslustofunni við að afla sér þekkingar og leikni.

- Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskrá og góð samvinna var við foreldra að undirbúningi við innleiðingu á þeim.
- Á Hólum gera nemendur vikuáætlanir sem þeir fylgja eftir.

Tækifæri til umbóta

- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá.
- Tengja ætti áherslur á grunnþáttum menntunar sem koma fram í skólanámskrá við námsvísa/námsáætlanir.
- Birta kennsluáætlanir/námsáætlanir á heimasíðu skólans.
- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í kennsluáætlunum kennara.
- Bæta þyrfti aðstöðu og öryggi við íþróttakennslu á Hofsósi.
- Skipuleggja betur tíma milli íþróttakennslu og annarra kennslustunda svo nám og tími nýtist betur
- Auka áherslu á sjálfstæð vinnubrögð í námi og þjálfna nemendur í að reyna sjálfir, spyrja sessunaut og leita til kennara ef lausn finnst ekki.
- Hraða innleiðingu vikuáætlanakerfis á Hofsósi og efla þannig námsvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.

Innra mat

Styrkleikar

- Innra mat er álitinn mikilvægur og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma.
- Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og gögn.
- Fyrir liggur sjálfsmatsskýrsla 2017 – 2018 þar sem fram koma upplýsingar um innra matið og fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Umbótaáætlun verður til jafnhliða matinu.

Tækifæri til umbóta

- Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti að vera reglulegt.
- Tryggja þarf að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins; starfsfólk, nemendur og foreldrar, séu hluti af matsteymi innra mats.
- Bera þyrfti áætlanir um umbætur undir skólaráð og fylgja umbótaáætlunum skipulega eftir.
- Kynna þyrfti niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir helstu hagsmunaaðilum.
- Eldri greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir þyrftu að vera aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Meiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Meiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Grunnskólann austan Vatna

Grunnskólinn austan Vatna var stofnaður 2007 þegar sameinaðir voru undir eina stjórn Grunnskólinn á Hofsósi, Grunnskólinn að Hólum og Sólgarðaskóli. Sólgarðaskóli var lagður niður vorið 2018 og eftir standa starfsstöðvar á Hólum með nemendum í 1. - 7. bekk og á Hofsósi með allt skólastigið.

Í skólanum eru 64 nemendur á haustönn 2018.

Fjöldi nemenda eftir árgöngum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda:										
Á Hofsósi	6		5	3	9	4	10	9	1	7
Á Hólum	1		5	2	2					
Samkennsluhópar.	1.-3. bekkur Hofsós			4.-5. bekkur Hofsósi		6.-7. bekkur Hofsósi		8. 9. og 10. bekkur Hofsósi		
	1.-5. bekkur Hólum									

Við skólann eru 22 starfsmenn í 19,56% stöðugildum. Það eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stuðningskennslu sem hefur jafnframt umsjón með starfsstöð á Hólum. Kennarar eru alls 11 og hlutfall réttindakennara er um 95%. Heildarfjöldi annars starfsfólks eru níu í 7,45% stöðugildum.

Fimm nemendur eru tvítyngdir og í öllum tilfellum er það móðir sem talar annað tungumál. Einn nemandi stundar nám í einni námsgrein á framhaldsskólastigi á haustönn. Þeir hafa stundum verið fleiri. Engar kennslustundir hafa fallið niður hjá nemendum það sem af er skólaárinu.

Þrír nemendur eru með einstaklingsnámskrá og 23 fá sérkennslu eða aðlagað námsefni. Enginn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Faglegt samstarf og samræða	Samvirkni í stefnumótun	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-----------------------------	-------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur skólans hvetja til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu. Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður kannana, skimana o.þ.h. til að bæta kennslu sína. Séð er um að niðurstöður leiði til umbóta ef þörf er. Á rýnifundi kennara kom fram að þau telja að það „sé innbyggt í menningu skólans að vera stanslaust að spá í hvernig við getum aukið gæði náms.“ Skólinn gæti náð lengra ef símenntun starfsmanna væri skráð og starfsþróunaráætlanir byggðu markvissar á stefnu skólans. Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem heild þar sem hver og einn er mikilvægur.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið sé samkvæmt menntastefnu og markmiðum sem birtast í aðalnámskrá, skólastefnu sveitarfélagsins og skólanámskrá. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Hvorki skólanámskrá né starfsáætlun eru nægjanlega aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila. Samráð við hagsmunaaðila er ekki nægjanlegt við stefnumótun. Vinna við innleiðingu aðalnámskrár var þó til fyrirmyndar, en þá voru allir hagsmunaaðilar við borðið.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur efna reglulega til funda með foreldrum og formlegar samskiptaleiðir við foreldra eru skráðar í stafsáætlun. Foreldrafélag á Hólum er virkt en ekki eins á Hofsósi. Fram kom í viðtölum að mjög margir úr samfélaginu sækja þá viðburði sem skólinn stefnur fyrir. Réttindi og skyldur foreldra eru skráðar í skólanámskrá og viðburðir á vegum skólans eru vel sóttir. Engu að síður mælist ánægja foreldra með stjórnun skólans skv. Skólapúlssi marktækt undir landsmeðaltali. Ekki er nægjanlega séð til þess að upplýsingar um skólastarfið berist til allra í skólasamfélaginu og það er mikilvægt verkefni skólaráðs að halda a.m.k. einn opin fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið. Mikilvægt er að reglulega sé leitað eftir sýn foreldra til að efla skólastarfið og að þeir séu þátttakendur við stefnumótun og fái reglulegar upplýsingar um niðurstöður kannana s.s. Skólapúlss. Lífandi og virk heimasíða þar sem birtar væru áætlanir og stefnur skólans ásamt sjálfsmatskýrslum mundi bæta þar úr.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Innra mat á árangri og starfi í skólanum er reglulegt og niðurstöður nýttar sem grundvöllur umbótastarfs. Þróunaráætlun byggir á stefnu skólans og sveitarfélagsins og upplýsingum úr innra og ytra mati á skólastarfinu. Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir og því erfitt að meta hvort, eða hvernig, starfsþróun styður við þá þætti sem lögð er áhersla á í umbótaáætlun. Vinna þarf símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk og birta í starfsáætlun skólans.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Daglegt starf skólans er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, er leystur. Í viðtali við starfsfólk kom fram ánægja með það. Skólastjórnendur vinna að því með sveitarfélaginu að skapa heilbriggt og öruggt umhverfi. Í því sambandi er vinna við aukna þekkingu nemenda á netöryggi til fyrirmyndar. Skráð er hvar nemendur eiga aðkomu í nefndum og ráðum, en auk þess hafa nemendur átt sæti í stjórn ýmissa verkefna s.s. Heilsueflandi skóla og Grænfánaverkefni. Fram kom í viðtali við nemendur að þeim finnst þeir geta haft áhrif. Virkja þarf betur heimasíðu skólans og sjá til þess að þar séu birtar réttar og hagnýtar upplýsingar. Tryggja þarf öryggi nemenda vegna aðkomu að skólanum þar sem nemendur og bílar fara um sama svæði.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum ljós og við stjórnun er lögð áhersla á verklag sem leiðir til jákvæðra samskipta í skólanum. Starfsmenn kunna að meta að þeir fá hrós fyrir störf sín. Kennslu er skipað niður með tilliti til sérhæfingar kennara eins og mögulegt og fara sérhæfðir kennarar á milli starfstöðva skólans. Starfsþróunarsamtöl fara fram reglulega.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að efla leiðtogahæfni starfsmanna skólans og annarra stjórnenda og starfsfólki finnst það njóta trausts stjórnenda. Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum. Grunnskólinn austan Vatna er heilsueflandi skóli og eru starfsmenn hvattir til að huga að heilsu sinni. Betur mætti upplýsa t.d. á heimasíðu um verkefni sem unnið er að og hverjir eru ábyrgðaraðilar að þeim. Mikilvægt væri fyrir skólastjóra og aðra stjórnendur að skipuleggja eigin símenntun í samræmi við áherslur skólans og breytingarferli.

Styrkleikar

- Stjórnendur hvetja kennara til að þróa kennsluhætti sína og bæta gæði náms.
- Kennarar fá ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður kannana og skimana, sem og önnur gögn til að bæta kennslu.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem heild.
- Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum.
- Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins tóku þátt í vinnu við innleiðingu aðalnámskrár, sem var til fyrirmyndar.
- Stjórnendur efna reglulega til funda með foreldrum og formlegar samskiptaleiðir við foreldra er skráðar í starfsáætlun.
- Góð mæting er úr skólasamfélaginu þegar skólinn býður til viðburða.
- Mat á árangri og starfi í skólanum er reglulegt og niðurstöður nýttar sem grundvöllur umbótastarfs.
- Daglegt starf skólans er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur.
- Skólastjóri leitast við að efla leiðtogahæfni starfsmanna skólans og annarra stjórnenda og starfsfólki finnst það njóta trausts stjórnenda.

Tækifæri til umbóta

- Skólanámskrá og starfsáætlun eiga að vera opinberar og aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila.
- Hafa þarf meira samstarf við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Skólaráð haldi a.m.k. einn fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið.
- Leita markvisst eftir hugmyndum foreldra um leiðir til að efla skólastarfið og fá þá til að taka virkan þátt í skólastarfinu.
- Mikilvægt er að heimasíða skólans sé lifandi og birti m.a. áætlanir og stefnur skólans ásamt sjálfsmatskýrslum.
- Ígrunda þarf alvarlega hvað veldur óánægju foreldra með stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við henni.
- Sóknarfæri væri í að efla foreldrafélag og horfa þá e.t.v. til sameiningar félaganna á Hólum og Hofsósi.
- Ljúka vinnu við símenntunaráætlun alls starfsfólks, gæta þess að hún styðji við umbótaáætlanir og birta hana í starfsáætlun skólans.
- Bæta þyrfti aðkomu að skólanum á Hofsósi með öryggi nemenda að leiðarljósi.
- Upplýsa mætti betur, t.d. á heimasíðu, um verkefni sem unnið er að og hverjir bera ábyrgð á þeim.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Skagafjarðar var samþykkt árið 2008 og er nú í endurskoðun. Skólanámskrá Grunnskólans austan Vatna tekur mið af skólastefnu Skagafjarðar, en þar er meðal annars lögð áhersla á fjölbreytni í kennsluháttum og að skapa svigrúm fyrir nemendur til að stunda nám á eigin hraða. Nemendum er skipt í námshópa þvert á bekki sem hvetur til þess að þeir fái að vinna á sínum hraða í sinni áætlun og venjist mismunandi áherslum hjá öðrum nemendum í sama námshópi.

Námsvísar og/eða áætlanir eru aðgengilegir nemendum og foreldrum í Mentor og Google classroom. Námsvísar endurspegla að hluta áherslur stjórnvalda svo sem um hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla en ekki sérstakar áherslur sveitarfélagsins. Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskrá skólans en foreldrar og starfsfólk komu á sínum tíma að undirbúningi á innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og var þá sjónum beint að grunnþáttum menntunar. Í þeirri vinnu voru styrkleikar og veikleikar hvers þáttar greindir og settar voru fram tillögur að úrbótum. Samvinna um undirbúning að innleiðingu aðalnámskrár í skólanum er til eftirbreytni og væri hægt að tengja áherslur í þeirri vinnu inn í námsvísa og/eða áætlanir.

Í einstaklingsáætlunum um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni en það ekki er tilgreint í námsvísu/áætlunum. Gott væri að bæta því við vegna nemenda sem þurfa tilhliðranir án þess að þurfa einstaklingsáætlanir. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis bekkjar/námshóps og er hann skipulagður með rökstuddri einstaklingsáætlun eða þjálfunaráætlun. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu.

2.2. Árangur náms

Sveitarfélagið Skagafjörður leggur áherslu á að árangur nemenda sé metinn og að námsframvinna hvers nemanda sé í samræmi við getu hans og þroska. Fylgst er með árangri nemenda í skólanum og unnið úr niðurstöðum námsmats til að auka framfarir nemenda. Deildarstjóri hefur umsjón með skráningum mats. Í skólanámskrá kemur fram að námsmat sé í formi símats þar sem kennarar og nemendur meta námslega stöðu og hæfni samanborið við metanleg hæfniviðmið skólans. Allt mat á hæfni er skráð í Mentor og er foreldrum reglulega gerð grein fyrir stöðu barna sinna. Nemendur í 10. bekk fá skv. skólanámskránni einkunnir í bókstöfum. Ekki er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvarða í skólanámskrá.


Líðan nemenda er könnuð í Skólalámskránni en þar kemur meðal annars fram að nemendur í Grunnskólanum austan Vatna mælast yfir landsmeðaltali í þættinum vellíðan og virðast þeir vera almennt sáttir við skólann.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa (SKP) í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Hér er samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár.

4. bekkur



Árangur í íslensku hefur batnað jafnt og þétt og var yfir landsmeðaltali við síðustu mælingu 2017. Árangur í stærðfræði batnaði og náði landsmeðaltali á árunum 2014-2015 en fór aftur töluvert niður fyrir meðaltal á tímabilinu 2016-2017.

7. bekkur




Árangur í íslensku fór yfir landsmeðaltal á tímabilinu 2014-2015 en við síðustu mælingu þá var hann aftur kominn undir meðaltal. Árangur í stærðfræði hefur dalað þó nokkuð síðan 2012-2013 og er töluvert undir meðaltali.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Fjöldi nemenda í 9. bekk sem hafa tekið samræmd könnunarpróf er undir viðmiðum um birtingu.

10. bekkur




Árangur nemenda 10. bekkjar hefur verið undir landsmeðaltali í öllum greinum en hefur batnað mikið á tímabilinu 2015-2017 og nálgast meðaltalið. Bestur árangur var í íslensku og náði hann landsmeðaltali við síðustu mælingu.

Grunnskóli austan Vatna notast við matstækið Lesferil þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Myndir af lesferli eru ekki birtar þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu. Meðaltal lesinna orða nemenda var í kringum landsmeðaltal nemenda.

2.3 Gæði kennslu

Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum en kennarar sýndu almennt fagmennsku og kennslufræðilega hæfni. Matsmenn voru á vettvangi í 25 kennslustundum, hjá öllum námshópum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Mikið var um blandaða kennsluhætti þar sem kennari kynnti viðfangsefni kennslustundar og nemendur hófu vinnu á mismunandi vegu svo sem með lausnarleit eða samvinnunámi. Í 40% kennslustunda var kennari fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum og unnið var í vinnubókum. Í 16% kennslustunda var kennari einungis leiðbeinandi og nemandinn í forgrunni þar sem kennslustundir voru skipulagðar þannig að nemendur hefðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða hafa bein áhrif á framgang eigin náms.



Skólinn leggur í stefnu sinni meðal annars áherslu á að hver og einn fái notið sín á eigin forsendum í samræmi við hæfileika, þroska og getu. Nemendum er kennt saman, þvert á árganga og sýnilegt að þeir takast á við verkefni á mismunandi hraða og eftir getu. Nemendur hafa aðgang að áætlunum og markmiðum verkefna á Google classroom og Mentor, en áætlanir þyrfti líka að gera aðgengilegar á vef skólans. Á Hólum gera nemendur vikuáætlanir sem þeir fylgja eftir og til stendur að taka upp sama fyrirkomulag á Hofsósi. Í einstaklingsnámskrám skólans er gerð grein fyrir tilhögun stuðnings einstakra nemenda en ekki er gerð grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum kennara. Nemendur fá að vinna á sínum hraða og eru hvattir til að nýta sér fjarnám frá framhaldsskóla ef þeir hafa lokið viðmiðum grunnskóla í ákveðnum námsgreinum. Í vetur stundar einn nemandi stærðfræðinám í framhaldsskóla.

2.4 Skipulag náms


Grunnskólinn austan Vatna er með tvær starfsstöðvar, á Hofsósi og að Hólum, og eru nemendur alls 64. Á Hólum eru alls 10 nemendur í 1.-5. bekk en á Hofsósi eru nemendur alls 54 í 1.-10. bekk. Vegna fámennis er nemendum kennt saman í námshópum með frá 10 og upp í 17 nemendum. Mikið er um að kennarar hafi stuðning í kennslustundum en einn kennari ber yfirleitt ábyrgð á skipulagi náms og kennslu. Í 14 kennslustundum af 25 í vettvangsathugun var stuðningsfulltrúi með kennara í kennslustofunni.

Skipulag náms í Grunnskólanum austan Vatna gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Námsumhverfi er almennt hvetjandi og gefur fjölbreytta möguleika. Skólahúsnæði á Hólum er rúmt og er mötuneyti starfrækt í sama húsi. Aðstaðan sem nýtt er til íþrótt- og sundiðkunar er við Háskólanum á Hólum. Skólahúsnæði á Hofsósi er einnig rúmgott en mötuneyti og íþróttaaðstaða er í félagsheimilinu Höfðaborg sem er við hlið skólans. Sundkennsla fer fram í nýrri og glæsilegri sundlaug á Hofsósi. Íþróttaaðstaðan í félagsheimilinu Höfðaborg er bágborin bæði hvað varðar aðstöðu og öryggi. Íþróttakennsla fer að miklu leyti fram úti þar sem umhverfið er vel nýtt. Skipuleggja þarf betur tíma milli íþrótt- og annarra kennslustunda en brögð voru að því að nemendur kæmu of seint í aðrar kennslustundir eftir íþróttir.

Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis í grunnskólanum. Nemendur nýta UT á fjölbreyttan hátt í kennslustofunni við að afla sér þekkingar og leikni. Nemendur vinna að hluta til að samþættum verkefnum. Ein vika á skóladagatali er nýtt fyrir nýsköpunar- og frumkvöðlamenteit og lýkur henni með sýningu á afurðum vikunnar. Þá er nýsköpunar- og frumkvöðlamenteit flétuð inn í kennslu flestra námsgreina skólans. Skólinn hefur lagt áherslu á grenndarnám þar sem grenndarsamfélag

skólans er nýtt en þar er einkum lögð áhersla á söguleg og menningarleg verðmæti byggðarlagsins. Þannig má segja að nám og námsaðstæður styðji við sköpunarþörf nemenda skólans.

Í vettvangsathugun kom fram að samvinna og samstarf nemenda er þjálfað þvert á árganga. Í rúmlega helmingi kennslustunda voru nemendur að vinna í einstaklingsvinnu en í tæplega helmingi kennslustunda voru nemendur að vinna saman eða að einstaklingsvinnu og samvinnu var blandað saman í einni og sömu kennslustundinni.



Nemendasamtöl eru regluleg þar sem umsjónarkennari ræðir um nám og líðan við hvern nemanda og skráir á sérstök eyðublöð.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum en þeir voru líka fljótir til að biðja kennara eða stuðningsfulltrúa um aðstoð. Leggja mætti meiri áherslu á sjálfstæð vinnubrögð í námi og þjálfna nemendur í að reyna sjálfir, spyrja sessunaut og leita til kennara ef lausn finnst ekki. Nemendur voru hvattir til að nýta fjölbreyttar leiðir í námi.

Á Hólum er nemendum frá 1. -5. bekk markvisst kennt að setja sér markmið í námi með gerð vikuáætlana. Til stendur að taka upp sambærilegt kerfi á Hofsósi og hvetja matsmenn til þess að það verði gert. Nokkuð er um að nemendur séu þjálfaðir í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu og mætti gera það markvisst í öllum árgöngum til að efla enn frekar námsvitund nemenda.

Nemendur í 8. -10. bekk eru með fjórar kennslustundir í viku skilgreindar sem val og stendur þá valið um fjórar greinar. Auk þess eru tvær kennslustundir í viku hálfbundið val þar sem nemendur velja á milli tveggja námsgreina, textílmenntar og smíðakennslu. Síðan eru tvær vikur á ári sem nemendur geta valið á milli nýsköpunar, hestamennsku eða annars sem til dæmis tengist árhátíð. Unnið er að undirbúningi þess að nemendur geti valið tólmstundir utan skóla svo sem tónlistarskóla sem valgrein í unglingadeild. Mikilvægt er að gæta þess að nemendur fá þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Haldnir eru bekkjarfundir í öllum árgöngum og nemendur taka þátt í verkefnum Heilsueflandi skóli, skólaráði og nemendaráði. Nemendur fá einnig tækifæri til að koma

sjónarmiðum sínum að varðandi virkni, líðan, heilsu og skóla- og bekkjaranda með þátttöku í Skólapúlsi. Skólinn, í samstarfi við skólaskrifstofu, hefur verið að vinna að tæknisáttmála fjölskyldunnar sem er um netöryggi og netnotkun nemenda og fjölskyldna þeirra í lífi og starfi. Þá er gerður sáttmáli í samstarfi við nemendur og fjölskyldur þeirra og settar sameiginlegar reglur heima og í skóla og farið yfir viðeigandi netsamskipti.

Styrkleikar

- Skipulag og utanumhald stoðþjónustu er til fyrirmyndar.
- Samstarf er við heimili nemenda sem hafa einstaklingsnámskrár og/eða þjálfunaráætlanir.
- Vinna með nemendum og fjölskyldum þeirra varðandi netnotkun og netöryggi er til fyrirmyndar.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir.
- Nemendur nýta UT á fjölbreyttan hátt í kennslustofunni við að afla sér þekkingar og leikni
- Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskrá og góð samvinna var við foreldra að undirbúningi við innleiðingu á þeim.
- Á Hólum gera nemendur vikuáætlanir sem þeir fylgja eftir.

Tækifæri til umbóta

- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá.
- Tengja ætti áherslur á grunnþáttum menntunar sem koma fram í skólanámskrá við námsvísa/námsáætlanir.
- Birta kennsluáætlanir/námsáætlanir á heimasíðu skólans.
- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í kennsluáætlunum kennara.
- Bæta þyrfti aðstöðu og öryggi við íþróttakennslu á Hofsósi.
- Skipuleggja betur tíma milli íþróttakennslu og annarra kennslustunda svo nám og tími nýtist betur
- Auka áherslu á sjálfstæð vinnubrögð í námi og þjálfa nemendur í að reyna sjálfir, spyrja sessunaut og leita til kennara ef lausn finnst ekki.
- Hraða innleiðingu vikuáætlanakerfis á Hofsósi og efla þannig námsvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.
- Gæta þess að nemendur fá þann tíma í frjálst val sem þeim ber.

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma. Í sjálfsmatsskýrslu 2017 – 2018 kemur fram að tilgangur kerfisbundins sjálfsmats sé „að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum.“ Innra mat virðist vera orðið hluti af menningu skólans og almennt virðist starfsfólk meðvitað um gildi þess fyrir skólastarfið. Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti að vera reglulegt s.s. með mati skólastjóra á kennslu og/eða reglubundnu jafningjamati samkennara. Þá ætti aðkoma foreldra og nemenda að vera meiri að innra mati skólans.

3.2 Framkvæmd

Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og gögn. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunaraðferðir og matstæki sem hafa verið aðlöguð að þörfum skólans. Aðferðir við innra mat eru endurskoðaðar reglulega og reynslan nýtt til að gera betur. Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda og sjálfsmatsteymis, skipuðu skólastjóra og tveimur starfsmönnum. Teymið undirbýr og skipuleggur vinnuna við innra matið. Bæta þyrfti fulltrúum fleiri hagsmunaaðila í teymið s.s. foreldra og nemenda og tryggja þannig að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á framkvæmd innra mats.

3.3 Umbætur

Fyrir liggur sjálfsmatsskýrsla 2017 – 2018 þar sem fram koma upplýsingar um innra matið og fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Umbótaáætlun verður til jafnhliða matinu og er hún í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Umbótaáætlun er þó ekki fylgt nógu markvisst eftir, en skólinn getur þó sýnt fram á umbætur sem raktar eru til innra mats og starfsfólk kannast við slíkar umbætur. Bera þyrfti áætlanir um umbætur undir skólaráð. Þá þyrfti að kynna niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir helstu hagsmunaaðilum.

Styrkleikar

- Innra mat er álitinn mikilvægur og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Í skólanámskrá er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt og fyrir liggja áætlanir um innra mat til skemmri og lengri tíma.
- Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum og notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og gögn.
- Fyrir liggur sjálfsmatsskýrsla 2017 – 2018 þar sem fram koma upplýsingar um innra matið og fjallað er um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta.
- Umbótaáætlun verður til jafnhliða matinu.

Tækifæri til umbóta

- Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti að vera reglulegt.
- Gera þarf grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.
- Tryggja þarf að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á framkvæmd innra mats.
- Bera þyrfti áætlanir um umbætur undir skólaráð og fylgja umbótaáætlunum skipulega eftir.
- Kynna þyrfti niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir helstu hagsmunaaðilum.
- Eldri greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir þyrftu að vera aðgengilegar á heimsíðu skólans.

Ytra mat – Umbótaáætlun Grunnskólans austan Vatna, 2018-2019

Nr.	Tækifæri til umbóta skv. matsaðilum	Markmið	Aðgerðir grunnskóla	Ábyrgðaraðilar	Tímamörk	Mat á árangri
1	Skólanámskrá og starfsáætlun eiga að vera aðgengilegar fyrir hagsmunaaðila s.s. á heimasíðu skólans.	Skólanámskrá og starfsáætlun verði aðgengileg fyrir alla hagsmunaaðila. Það verði aðgengilegt á heimasíðu og útprentuð eintök á starfsstöðvum skólans.	Heimasíða skólans verði uppfærð og endurskoðuð með tilliti til að allar upplýsingar sem þurfa að vera opinberar séu þar aðgengilegar. Útbúinn tékklisti yfir atriði sem þurfa að vera aðgengileg á heimasíðu.	Skólastjórnendur	Vorönn 2019	Vinnuhópur fer yfir tékklista í júní 2019
2	Hafa þarf meira samstarf við alla hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.	Stuðla að meira samstarfi við hagsmunaaðila skólans við stefnumótun og stuðla að betra upplýsingaflæði um starfið og áætlanir.	-Setja meiri upplýsingar á heimasíðu skóla. -Setja opna fundi um skólastarf á skóladagatal. -Að grunnskólinn stuðli að því að skólasamfélagið fái upplýsingar um framkvæmdir. Almennur fundur með skólaráði fyrir allt	-Umsjónarmenn og ábyrgðaraðilar heimasíðu GaV. -Þeir sem koma að gerð skóladagatals skipuleggja opna fundi. -Skólastjórnendur fylgist með framkvæmdaáætl	-Að upplýsingar á heimasíðu verði aðgengilegar fyrir lok skólaárs vor 2019. -Gert ráð fyrir opnum fundi á skóladagatali	Sjálfsmatsteymi fari yfir stöðu þessa mála haust 2019

			skólasamfélagið komi inn á stefnmótun.	un og sjái til þess að fulltrúar frá Sveitarfélaginu miðli upplýsingum um framgang mála til skólasamfélagsins .	næsta skólaárs.	
3	Skólaráð haldi a.m.k. einn fund á ári um skólamál fyrir skólasamfélagið.	Stefnt að skólaráð haldi almennan fund fyrir foreldra á hverju skólaári.	Skólaráð útbúi fundaáætlun fyrir starfsárið á fyrsta fundi að hausti þar sem m.a. verði skipulagður almennur fundur um skólastarf fyrir foreldra.	Skólaráð og skólastjóri	Skólaárið 2019 - 2020	Skoðað í lok skólaárs 2019 - 2020 hvort fundirnir hafi veið haldnir.
4	Leita markvisst eftir hugmyndum foreldra um leiðir til að efla skólastarfið og fá þá til að taka virkan þátt í skólastarfinu.	Virkja og styðja við foreldrafélagið. Efla þátttöku foreldra í skólastarfinu og mati á skólastarfi.	Efla ábyrgð foreldrafélagsins á afmörkuðum verkefnum og viðburðum í skólastarfinu með því að óska eftir aukinni þátttöku og virkni í afmörkuðum viðburðum. Halda fræðslufundi fyrir foreldra um afmarkað efni sem unnið er að í skólanum. Kalla eftir hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið meðal annars með sjálfsmatsaðferðum skólans.	Skólastjórnendur og kennarar. Stjórn foreldrafélagsins með því að virkja aðra foreldra til þátttöku og ábyrgðar.	Skólaárið 2019-2020	Tekið til mats og umræðu á fundi skólaráðs vor 2020.

5	Mikilvægt er að heimasíða skólans sé lifandi og birti m.a. áætlanir og stefnur skólans ásamt sjálfsmatskýrslum.	Að heimasíða skólans sé lifandi og birti helstu gögn er varða skólastarfið.	Tengist lið 1, t.d. tékklisti. Umsjónarmaður heimasíðu úthlutar kennurum að skrifa fréttir um viðburði og verkefni sem unnin eru í skólanum. Mynda heimasíðuteymi þar sem eru fulltrúar frá báðum starfsstöðvum, haldnir reglulegir fundir þar sem farið er yfir það sem er framundan og skipta með sér verkum varðandi fréttaskrif, myndatökur o.fl.	Umsjónarmaður heimasíðu. Skólastjórnendur bera ábyrgð á að mynda heimasíðuteymi í upphafi skólaárs um leið og skipað er í Olweusarteymi, heilsueflandi nefnd og aðrar nefndir og ráð.	Haust 2019	Vinnuhópur fer yfir tékklista í júní 2019
6	Ígrunda þarf alvarlega hvað veldur óánægju foreldra með stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við henni.	Reyna að kortleggja hvað veldur óánægju foreldra til að geta unnið að úrbótum.	Skoða undirþætti í niðurstöðum Skólapúlsins til að reyna að greina þessa niðurstöðu. Halda rýnifundi með foreldrum og fá fram hugmyndir að úrbótum.	Skipulagt af skólaráði - starfsmaður frá fræðsluþjónustu kemur að vinnunni sem hluti af sjálfsmatsteymi skólans.	Vorönn 2019	Niðurstöður liggja fyrir í mati foreldra á skólastarfi að fundi loknum og verður birt í sjálfsmatskýrslu júní 2019.
7	Sóknarfæri væri í að efla foreldrafélag og horfa þá e.t.v. til sameiningar félaganna á Hólum og Hofsósi.	Kanna áhuga foreldra til að sameina foreldrafélögin á Hólum og Hofsósi.	Hvetja til samstarfs milli foreldrafélaganna og hafa skýra verkaskiptingu og samstarf milli skóla, nemendafélags og foreldrafélags, jafnvel	Stjórnendur og stjórnir foreldrafélaganna .	Tekið upp á aðalfundi félaganna haust 2019	Fundagerðir foreldrafélaga.

			reglulega fundi til að skipuleggja samstarf. Taka upp á aðalfundi foreldrafélagana umræður um hvort vilji sé til að sameina félögin og ræða ávinning þess.			
8	Ljúka vinnu við símenntunaráætlun alls starfsfólks, gæta þess að hún styðji við umbótaáætlanir og birta hana í starfsáætlun skólans.	Að í skólanum sé til virk símenntunaráætlun sem nær til alls starfsfólks og hún birt í starfsáætlun skólans.	Búa til vettvang fyrir starfsfólk þar sem það kemur með óskir og hugmyndir um símenntun sem það telur nýtast. Þegar umbótaáætlun er unnin í sjálfsmati væri góð vinnuregla að setja þar inn hugmyndir að símenntunarnámskeiðu m sem styðja við umbótaáætlunina.	Stjórnendur og starfsfólk. Stjórnendur velja, m.a. eftir hugmyndum frá starfsfólki, þá símenntun sem ætluð er öllum hópnun og forgangsraða. Þetta þarf að vera sýnilegt öllum.	Byrja á vorönn 2019	Símenntunaráætlun tekin til umræðu á starfsmannafundi að hausti 2019 áður en hún er birt í starfsáætlun.
9	Bæta þyrfti aðkomu að skólanum á Hofsósi með öryggi nemenda að leiðarljósi.	Að bæta aðkomu og öryggismál í grunnskólanum á Hofsósi.	Formlegt erindi sent til sviðsstjóra fjölskyldusviðs sem fylgir því eftir að framkvæmdir verði áætlaðar í fjárhagsáætlun.	Fræðslustjóri, skólastjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Erindi sent í janúar 2019	Staða mála skoðuð í upphafi skólaárs 2019-2020
10	Upplýsa mætti betur, t.d. á heimasíðu, um verkefni sem unnið er að og hverjir bera ábyrgð á þeim.	Að upplýsingar um einstök verkefni í skólanum séu aðgengileg á heimasíðu skólans.	Olweus, vinaliðar, heilsueflandi skóli, tæknisáttmáli, innleiðing á tækni, menntastefna og fl. Búa til tengla á heimasíðunni þannig að hægt sé að	Umsjónarmenn hvers verkefnis fyrir sig, umsjónarmaður heimasíðu	Vinna við að koma upplýsingum á heimasíðu sé farin af stað í lok mars	Vinnuhópur fer yfir tékklista í júní 2019

Nr.	Tækifæri til umbóta skv. matsaðilum	Markmið	Aðgerðir grunnskóla	Ábyrgðaraðilar	Tímamörk	Mat á árangri
			lesa sér til um þau verkefni sem eru í gangi.			
11	Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá.	Að það sé síða á heimasíðu skólans þar sem upplýsingar með viðmiðum námsmats koma fram. Þar komi líka fram hver viðmiðin eru þar sem það á við. Útskýra hvað er á bak við námskvarðana.	Safna þessum upplýsingum saman og setja á heimasíðuna.	Kennarar, skólastjórnendur	Áður en námsmat verður birt í vor, lok apríl 2020	Yfirfarið af vinnuhóp innan skólans.
12	Tengja ætti áherslur á grunnþáttum menntunar sem koma fram í skólanámskrá við námsvísa/námsáætlanir .	Gera kennurum kleift að tengja saman grunnþættina við náms- og kennsluáætlanir á sem auðveldastan máta.	Búa til skjal (exelskjál) þar sem settir eru upp grunnþættir menntunar í hverri grein. Kennarar skrá niður hvaða verkefni tengjast hverjum þætti.	Kennarar, skólastjórnendur	Kennarar vinna þetta samhliða námsáætlun um og skila því inn til skólastjórna í lok september fyrir haustönn og lok janúar fyrir vorönn.	Skoðað þegar námsáætlanir liggja fyrir.
13	Birta kennsluáætlanir/námsáætlanir á heimasíðu skólans.	Yfirlit yfir kennsluáætlanir/námsáætlanir verið birtar á heimasíðu skólans.	Heimasíða skólans verið endurnýjuð og endurskoðuð. Útbúið verði form fyrir yfirlit yfir hverja námsgrein og fjölda tíma verði	Unnið verði á starfsdegi með kennurum að formi fyrir áætlanir hvernig þær birtast á	Formið verði útbúið á starfsdögum vorið 2019 og nýtt strax á skólaárinu	Vinnuhópur fer yfir tékklista í júní 2019

			aðgengileg en annars vísað í nánari upplýsingar í Mentor.	heimasíðu. Stjórnendur fylgi eftir að kennarar skili inn áætlunum á þar til gerðu formi.	2019 - 2020. Kennarar skili til aðstoðarskól astjóra fyrir 5. september ár hvert.	
14	Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í kennsluáætlunum kennara.	Gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum.	Búið verði til form fyrir kennsluáætlanir þar sem tilgreint er hvernig komið er móts við þarfir ólíkra nemenda. Búa til möppur á sameignlega drifi fyrir kennara (drive) þar sem hægt er að deila námsáætlunum. Deildarstjóri stoðþjónustu fer yfir þær áætlanir.	Kennarar, deildarstjóri stoðþjónustu og skólastjóri	Formið verði útbúið á starfsdögum vorið 2019 og nýtt strax á skólaárinu 2019 - 2020.	Stjórnendur fara yfir námsáætlanir haust 2019.
15	Bæta þyrfti aðstöðu og öryggi við íþróttakennslu á Hofsósi.	Að bæta aðstöðu og öryggi við íþróttakennslu í grunnskólanum á Hofsósi.	Formlegt erindi sent til sviðsstjóra fjölskyldusviðs sem fylgir því eftir að framkvæmdir verði áætlaðar í fjárhagsáætlun.	Skólastjóri, fræðslustjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs.	Erindi sent í janúar 2019	Staða mála skoðuð í upphafi skólaárs 2019 -2020
16	Skipuleggja betur tíma milli íþróttakennslu og annarra kennslustunda svo nám og tími nýtist betur.	Að skipulag íþróttatíma raski sem minnst kennslutíma í öðrum fögum og að íþróttatíminn nýtist allur.	Til lengri tíma litið er æskilegt að íþróttahús sé byggt sem næst skólanum svo tími fari sem minnst í ferðir. Haga	Skólastjórnendur sem koma að stundatöflugerð.	Hafa í huga við stundatöflug erð fyrir	Farið yfir stöðuna á starfsmannafundi september 2019.

			eyðutímum eftir því sem við verður komið þannig að þeir liggi að íþróttatímum og nýtist þannig til ferða milli húsa.		næsta skólaár.	
17	Auka áherslu á sjálfstæð vinnubrögð í námi og þjálfa nemendur í að reyna sjálfir, spyrja sessunaut og leita til kennara ef lausn finnst ekki.	Auka sjálfstæð vinnubrögð nemenda og seiglu í námi. Kenna nemendum að skipuleggja nám sitt út frá námsmarkmiðum.	Hvetja nemendur til að skipuleggja sitt eigið nám. Til dæmis út frá yfirliti yfir skiladaga á verkefnum. Láta nemendur vinna vikuáætlanir út frá námskröfum og verkefnaskilum.	Kennarar og skólastjórnendur	Vinna að þróun þessa þáttar næstu tvö skólaár	Metið með sjálfsmatskerfi skólans og alla jafna í símati á árangri nemenda.
18	Hraða innleiðingu vikuáætlanakerfis á Hofsósi og efla þannig námsvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.	efla námsvitund nemenda og ábyrgð á eigin námi.	Kennarar á Hólum kynna vikuáætlanakerfið fyrir kennurum á Hofsósi.	Umsjónarkennarar	Kynning verður á kennarafundi vorönn 2019	Sjálfsmat nemenda og kennara á haustönn 2019.
19	Gæta þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber.	Að taka saman fjölda tíma á stundatöflu sem nemendur hafa í frjálst val og gæta þess að það samrýmist markmiðum aðalnámskrár.	Tilgreina val á stundatöflu og val sem nemendur hafa í þemavikum í starfsáætlun.	Skólastjórnendur.	Tilbúið fyrir haustönn 2019-2020 og gert aðgengilegt í skólanámskrá/starfsáætlun.	Sjálfsmat nemenda og kennara á haustönn 2019.
Nr.	Tækifæri til umbóta skv. matsaðilum	Markmið	Aðgerðir grunnskóla	Ábyrgðaraðilar	Tímamörk	Mat á árangri

20	Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti að vera reglulegt.	Efla mat á kennslu og fagmennsku kennara.	Nýtt verði þau verkfæri sem skólinn býr yfir. Annarsvegar samstarfs og umbótamiðað mat á sveitarfélagsstigi, Skólaspegill og hinsvegar félagastuðningur skv. GROW módeli	Stjórnendur og fræðsluþjónusta Skagafjarðar.	Skólaárið 2019 - 2020	Sjálfsmatsteymi skólans metur hvort þessir þættir hafi komist til framkvæmda júní 2020
21	Gera þarf grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin.	Gerð verði grein fyrir því hvernig markmið í stefnu skólans er metið í sjálfsmatsáætlun.	Búa til gæðagreini upp úr stefnu skólans. Stefna skólans verður endurskoðuð í kjölfar vinnu við nýja menntastefnu Skagafjarðar sem er nú í vinnslu.	Sjálfsmatsteymi skólans.	Haustönn 2020	Tilgreint í sjálfsmatssskýrslu 2021
22	Tryggja þarf að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á framkvæmd innra mats. Starfsfólk, nemendur og foreldrar séu hluti af matsteymi innra mats.	Að innra mat skólans sé virkt meðal allra hagsmunahópa skólans, nemenda, kennara, starfsfólks	Þriggja ára matsáætlun innra mats verði kynnt og tekin til umræðu árlega á skólaráðsfundi. Boða til umræðufunda með öllum hagsmunaaðilum þar sem farið verður í innra mat. Foreldrar hvattir til að taka þátt í Skólapúlsinum.	Stjórnendur. Sjálfsmatsnefnd. Kennsluráðgjafi Sveitarfélagsins.	Tekið til umræðu í skólaráði á fundi ráðsins í maí ár hvert.	Birtist í sjálfsmatssskýrslu.

23	Bera þyrfti áætlanir um umbætur undir skólaráð og fylgja umbótaáætlunum skipulega eftir.	Áætlanir um umbætur verði kynntar og bornar undir skólaráð. Eftirfylgni umbótaáætlana sé skilvirk.	Á fundaáætlun skólaráðs verði skilgreindur tími þar sem farið verður yfir umbótaáætlanir úr sjálfsmati.	Stjórnendur sjálfsmatsnefnd, skólaráð	Skólaárið 2019 - 2020	Tekið til umræðu á skólaráðsfundum að hausti.
24	Kynna þyrfti niðurstöður úr innra og ytra mati formlega fyrir helstu hagsmunaaðilum.	Upplýsa hagsmunaaðila um ytra og innra mat skólans.	Halda fundi með hagsmunaaðilum þar sem niðurstöður eru kynntar og ræddar.	Sjálfsmatsteymi skólans og skólastjórnendur.	Byrjun árs 2019 þegar ytra matið er orðið opinbert.	Vinnuhópur rýnir sjálfsmatsskýrslu.
25	Eldri greinargerðir um innra mat og umbótaáætlanir þyrftu að vera aðgengilegar á heimsíðu skólans.	Birta sjálfsmatsskýrslur, með greinargerðum og umbótaáætlunum a.m.k. fimm ár aftur í tímann.	Heimasíða skólans verði uppfærð og endurskoðuð með tilliti til að allar upplýsingar sem þurfa að vera opinberar séu þar aðgengilegar. Útbúinn tékklisti yfir atriði sem þurfa að vera aðgengileg á heimasíðu.	Stjórnendur og sjálfsmatsteymi	Vorönn 2019	Vinnuhópur fer yfir tékklista í júní 2019